

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr 295

apríl 2016



Apríl 2016. Blað nr. 295  
THE LION IN ICELANDIC  
Fjölumðæmi 109  
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs  
International, gefið út í umboði  
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu  
tungumálum: Dönsku, ensku,  
farsí, finnsku, flæmsku,  
frönsku, grísku, hollensku, íslensku,  
ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku,  
norsku, portúgölsku,  
spænsku, sænsku, tælsku, tyrk

Útgefandi LION á íslensku:  
FJÖLUMDÆMI 109. Tímariðið Lion kemur  
út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105  
Reykjavík er opin alla virka daga frá  
kl. 09.00 til 14.00  
Sími: 561 3122  
Fax: 561 5122  
e-mail / netfang: lions@lions.is  
Heimasíða Lions: lions.is  
Skrifstofustjóri: Kolfinna  
Guðmundsdóttir.



FJÖLUMDÆMISRÁÐ  
FJÖLUMDÆMIS 109  
Starfsárið 2015 – 2016  
Fjölumðæmisstjóri: Guðmundur Helgi  
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn  
Umdæmisstjóri 109A: Jón Pálmason,  
Lkl. Viðarri.  
Umdæmisstjóri 109B: Stefán Árnason,  
Lkl. Vitaðsgjafi.  
Fjölumðæmisritari: Kristín  
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.  
Fjölumðæmisgjaldkeri: Guðmundur  
Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar  
Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Tryggvi  
Kristjánsson Lkl. Dalvíkur.  
Vara fjölumðæmisstjóri: Árni  
Brynjólfur Hjaltason Lkl. Njarðvíkur  
Protokol- og þingstjóri og NSR  
Coordinator: Kristinn Hannesson,  
Lkl. Mosfellsbæjar.  
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar  
Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson,  
Lkl. Akraness.  
Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson,  
Lkl. Geysi  
Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson, Lkl.  
Búðardals.  
Netstjóri: Skúli Guðmundur  
Ingvarsson, Lkl. Borgarness.  
NSR 2017 formaður þingnefndar: Þór  
Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.  
GLT stjóri (menntun og  
leiðtogaþjálfun): Halldór  
Kristjánsson,  
Lkl. Ásbirni.  
GMT stjóri: (útbreiðsl og fjölgun):  
Guðrún Helga Össurardóttir, Lkl.  
Seylu.  
GMT/konur í Lions: Guðrún Björt  
Yngvadóttir, Lkl. Eik  
NSR-AU nefndarmaður/  
Lestarátaksstjóri: Hrunn Hjaltadóttir,  
Lkl. Fold.  
Félagastjóri: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl.  
Embla  
Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni  
Þorsteinsson fyrrv.  
alþjóðastjórnarmaður, Lkl.  
Mosfellsbæjar.  
Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl.  
Seltjarnarness.  
Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís  
Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.  
Ungmennaverkefnastjóri: Anna  
Kolbrún Árnadóttir, Lkl. Ylfa.  
LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar  
maður:  
Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl.  
Mosfellsbæjar.  
Afmælisnefnd Lions: Guðrún Björt  
Yngvadóttir, Lkl. Eik  
MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson,  
Lkl. Tý.  
Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,  
Lkl. Ylfa.  
Formaður Kjaransorðunefndar. Daníel  
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.  
Laganefnd (form.): Kristinn  
Kristjánsson, Lkl. Hveragerði  
Lions Quest stjóri: Magnús J.  
Magnússon, Lkl. Selfoss.  
Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur  
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.  
Skoðunarmaður (aðal): Daníel  
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.  
Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.  
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.  
Varaumðæmisstjóri 109A: Gunnar  
Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.  
Varaumðæmisstjóri 109B: Björg Bára  
Halldórsdóttir, Lkl. Rán.



Fjölumðæmisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:  
Sveinn Ingi Lýðsson, Lkl. Álftanes.  
Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Björn  
Guðmundsson, Lkl. Hæng.

Framkvæmdastjórn  
Lionshreyfingarinnar 2015 – 2016:  
International President: Dr. Jitsuhiro  
Yamada Japan  
Immediate Past President: Joseph  
Preston USA  
First Vice President: Robert E. Corlew  
USA  
Second Vice President: Naresh  
Aggarwal Inland

First Year Directors  
Melvin K. Bray,  
Pierre H. Chatel,  
Eun-Seouk Chung,  
Gurcharan Singh Hora,  
Howard Hudson,  
Sanjay Khetan,  
Robert M. Libin,  
Richard Liebno,  
Helmut Marhauer,  
Bill Phillip,  
Lewis Quinn,  
Yoshiyuki Sato,  
Gabriele Sabatosanti Scarpelli,  
Jerome Thompson,  
Ramiro Vela Villarreal,  
Roderick "Rod" Wright,  
Katsuyuki Yasui.

Second Year Directors:  
Svein Øystein Bertsten,  
Jorge Andrés Bortolozzi,  
Eric R. Carter  
Charlie Chan,

Jack Epperson,  
Edward Farrington,  
Karla N. Harris  
Robert S. Littlefield, Ph.D.  
Ratnaswamy Murugan,  
Yoshinori Nishikawa,  
George Th. Pappas,  
Jouko Ruissalo,  
N.S. Sankar,  
A.D. Don Shove,  
Kembra L. Smith  
Dr. Joong –Ho Son  
Linda L. Tincher  
Fábio de Almeida,  
Lawrence A. „Larry“ Dicus  
Roberto Fresia  
Alexis Vincent Gomés  
Chynthia B. Gregg,  
Byung-Gi Kim  
Ester LaMothe  
Yves Léveillé  
Teresa Mann  
Raju V. Manwani  
William A. McKinney  
Michael Edward Molenda  
John Pettis, Jr.  
Robert Rettby,  
Emine Oya Sebük  
Hidenori Shimizu  
Dr. Steven Tremaroli

Upplag: 2400 eintök – Pökkun og  
dreifing: Lionsklúbburinn Fjörgyn

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.  
Forsíðumynd: Tekin á samfundu á  
Akureyri í mars 2016.



## Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Fimmta blað starfsársins er nú komið út. Það fer að styttest í þing hjá hreyfingunni en það verður 22. og 23. apríl í Mosfellsbæ og eru skráningum á það nú lokið. Ég vona að allir þeir sem eru að taka við embættum hafi skráð sig í skólana þar og mæti svo á þingið og þá viðburði sem eru í boði. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur hvað er í boði þar. Þingið er með sína heimasíðu sem er <http://lionsmos.is/thing>. Lionsþingið er ekki bara fyrir þá félagasem eru að taka við embættum heldur fyrir alla lionsmenn – því hvet ég alla til að taka þátt og mæta.

Greinarþátturinn um sögu lionsklúbba verður ekki í þessu blaði en heldur áfram næsta starfsár því ég tel að ekki verði pláss fyrir hann í júníblaðinu.

Netfang Lionsblaðsins er: [lbl@simnet.is](mailto:lbl@simnet.is)

Með lionskvæðu, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Skilafrestur á efni í næsta blað er 26. maí

# Ljónsöskur okkar á ekki að virða nein landamæri

## Pistill frá alþjóðaforseta

Dr. Jitsuhiro Yamada

alþjóðaforseti



við mislingaátakið okkar. Styrkið verkefni sem hjálpa þurfsandi börnum. Hugið um hvort klúbburinn þinn ætti að taka þátt í tvíburaverkefni Lions sem tengir klúbba af tveim þjóðernum. Dæmigerð alþjóðleg samvinna er milli Lionsfélaga í Japan og Filippseyjum. Um árabíl hafa þeir unnið saman í að bæta og byggja upp skólastarf. Það er gaman að

Hópar af Svölum koma til Japans á hverju vori. Við fögnum þessum árlegu farfuglum. V-laga stélið á japönskum fatnaði merkir Svölu, tákn hamingju, tryggð í hjónabandi og frjóssemi. Og hvaðan flugu þær, ég er nú ekki alveg klár á því, en það breytir engu. Veröldin er öll samtengd og það er gott að fá gesti annarsstaðar frá, sem lífga upp tilveru okkar. Á þessu ári hef ég verið að hvetja Lionsfélaga til að taka að sér og styðja hnattræn verkefni sem auka samræmi meðal þjóða. Styrkið LCIF. Hjálpið flóttamönnum. Styðjið

geta lagt lið í nærsamfélagi okkar. Munið eftir, að í heiminum eru ýmsir afkimar þar sem ekkert væri gert og fólk væri í mikilli þörf, ef ekki kæmi til liðveisla fólks eins og Lionsfélaga. Að vera Lionsfélagi er að vera hluti af Alþjóðlegum samtökum sem stuðla að hnattrænni samvinnu. Það getur ekki gengið nema að hver einstakur Lionsfélagi eins og þú, takir þátt. Stundum geta jafnvel hvetjandi orð dugað til að brúa bil fjarlægðar og menningar og sameinað okkur. Takið til dæmis Facebook og aðra netmiðla. Fyrir ekki löngu síðan settu Agra Mahan lionsfélagar mynd á facebook síðu Alþjóðasamtaka Lions, sem sýndi „Ský á auga“ aðgerðir þeirra fyrir eldra og fátækt fólk. Vá! Þetta er stórkostlegt. Að öðlast sjón er sannarlega blessun. Pakka ykkur Lionsfélagar. Mabelle Davis James í Arizona Gold Canyon Lions klúbb, setti á síðuna. "Ef veröldin væri eitt þorp, þá væru Lionsfélagar, Höfðingjar og Öldungar samvinnu og framkvæmda". Verið Lionsfélagar sem heyrast í yfir landamæri og hafa nógu stórt hjarta til að umlykja þá þurfsandi í heiminum.

Dr. Jitsuhiro Yamada  
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar  
Þýðing: Geir Hauksson

## Umdæmisstjóri 109B

Stefán Árnason

umdæmisstjóri 109B



Ágætu Lionsfélagar  
Nú þegar farið er að síga á seinni hluta starfsársins og margir klúbbar að undirbúa síðustu fundi vetrarins þá langar mig að nefna félagamálin við ykkur. Kannski

finnst einhverjum nóg komið af þeirri umræðu. Staðreyndin er samt sú að við verðum alltaf að hafa þau í huga og vera vakandi yfir eðlegri endurnýjun félaga.

Í vetur hafa margir klúbbar verið að taka inn nýja félaga sem er mjög ánægjulegt og bind ég miklar vonir við að félögum í umdæminu muni fjölga á þessu starfsári. Það er alltaf gaman þegar nýjir félagar koma fullir áhuga, með frumkvæði og nýjar hugmyndir. Tökum vel á móti þeim og gefum þeim tækifæri til að hafa áhrif á starfið. Nauðsynlegt er þegar nýr félagi gengur til liðs við hreyfinguna að sjá til þess að hann sé skráður á vefinn og hvet ég ritara til að fara vel yfir félagaskrána á vefnum þannig að hún sé rétt. Einnig vil ég hvetja klúbba til að ganga reglulega frá þeim skýrslum sem þarf að skila. Það er nauðsynlegt til að virkni þeirra sé sýnileg.

Þegar þetta blað kemur út mun ég, ef allt gengur að óskum, hafa lokið heimsóknnum mínum til klúbba í vetur. Þær heimsóknir sem

ég hef nú þegar farið í hafa verið ánægjulegar og mér finnst starfið heilt yfir ganga mjög vel og sé enga ástæðu til annars en vera bjartsýnn á framtíðina. Verum ófeimin við að skoða nýjar hugmyndir og hvernig við getum gert starfið skemmtilegra og skilvirkara.

Í febrúar og mars vorum við með formanna- og samfundi í Reykjavík og á Akureyri. Báðir fundirnir voru vel sóttir. Svona fundir eru forystu hreyfingarinnar nauðsynlegir til að koma sínu á framfæri og ekki síður til að fá upplýsingar frá félagsmönnum um starf klúbba. Fundurinn á Akureyri var sérstaklega líflegur og skemmtilegur. Voru umræður miklar og góðar um hin ýmsu mál hreyfingarinnar. Virk þátttaka í að móta starfið er hreyfingunni afar mikilvæg og liður í að marka stefnuna til framtíðar.

Að lokum óska ég öllu Lionsfólki gleðilegs sumars. Sjáumst á fjölumdæmisþingi 2016.

# Fjölumdamisstjóri

Guðmundur Helgi Gunnarsson

Fjölumdamisstjóri



Kæru Lionsfélagar

Nú er farið að styttest nokkuð í starfsári okkar og margir klúbbar farnir að undirbúa starfsemi næsta starfsárs. Þá er undirbúningur fyrir fjölumdamisþing okkar í kominn á gott skrið og er í öruggum höndum Lionsklúbbanna í Mosfellsbæ.

Mánudaginn 22. febrúar var haldinn formanna og samfundur í Lionsheimilinu Sóltúni 20 og var hann mjög vel sóttur. Alls mættu 45 félagar frá 24 klúbbum. Síðan var haldinn formanna og samfundur á Akureyri laugardaginn 19. mars og var hann haldinn í sal Lkl. Hængs að Skipagötu 14. Sá fundur var ekki síður vel sóttur en sá fyrri en þar mættu 27 félagar frá 12 klúbbum allt frá Búðardal að Seyðisfirði. Fulltrúar klúbbanna fluttu allir skýrslur frá klúbbunum og ekki er annað hægt að segja en starf í klúbbum sé í alla staði öflugt og allir með góð verkefni sem afmarkast af stærð og getu hvers klúbbs. Fjölumdamisstjóri og umdamisstjórar fóru yfir stöðu mála og þau verkefni sem hafa knúð dyra hjá stjórnendum Lionshreyfingarinnar það sem af er vetri á báðum fundunum.

## Félagamálin

Í upphafi starfsárs þann 1. júlí s.l. voru 2201 félagi skráður í hreyfinguna hér á landi en eru nú 2207 þannig að okkur hefur fjölgað um sex féлага á landsvísu. Hitt er svo ef við skoðum málið í umdamum þá voru félagar í A umdamum þann 1. júlí 1266 en eru nú 1270 það er fjölgun um fimm féлага. Í umdamum 109 B voru í upphafi starfsárs 935 félagar en eru nú 937 svo þar er fjölgun um tvo féлага. Sá einstæði atburður átti sér stað þann 1. apríl að Lionsklúbburinn Ægir tók inn nýja féлага á sama fundinum. Við bjóðum alla nýja féлага velkomna til liðs við Lionshreyfinguna og vonumst til að þeir dafni vel í störfum innan hreyfingarinnar.

Nú er málum þannig háttað að við eigum frambjóðanda til embættis 2. vara forseta Lions International Guðrúnu Björtu Yngvadóttur en hún er félagi í Lionsklúbbnum Eik í Garðabæ og er klúbburinn hennar í A umdaminu. Skilyrði fyrir framboði sem þessu eru m.a. að klúbbur viðkomandi komi frá fullgildu umdamum, en það þýðir að umdamum þarf að hafa lágmark 1250 Lionsfélaga. Eins og sjá má á framantölu verðum við að leggja okkur öll fram til að tryggja það að umdamum 109 A sé fullgilt, því er það okkur nauðsynlegt að óska þess við klúbbna að drífa í að skrá inn á Lionsvefinn alla þá einstaklinga sem munu ganga til liðs við hreyfinguna fyrir vorið og að sama skapi að bíða þar til eftir 1. júlí með útskráningu féлага sem eru að hætta í hreyfingunni. Með þessu móti munu íslenskir Lionsklúbbar sýna framboði Guðrúnu Bjartar ómetanlegan stuðning í verki.

Fimmtudaginn 18. febrúar var haldið málþing í Norræna húsinu í Reykjavík og var það um Börn í vanda og fjallaði um læsireglæsi sem er liður í lestrarátaki Lionshreyfingarinnar og var þetta í fjórða skiptið sem málþing er haldið um þetta efni enda vandinn stór. Var það málþing ágætlega sótt og að vanda voru fyrirlestrar einstaklega góðir. Fyrir hönd Lionshreyfingarinnar færi ég þessum frábæru konum fyrir þeirra innlegg til fundarins.

Laganefnd hreyfingarinnar hefur settið við í vetur og farið yfir þýðingar skjala sem nefnast „Fyrirmynd að lögum“ og slípað til orðalag lagatextans þ.e. staðfært að íslensku máli, þessi vinna er á lokastigi og markmiðið er að þýðingarnar verði lagðar fram til kynningar í heild sinni á umdamum og fjölumdamisþingum nú í apríl mánuði. Stefnit er að því að senda lagabýðingarnar til allra Lionsklúbba á næstunni þannig að klúbbum gefst einhver tími til að lesa þýðingarnar yfir og koma með athugasemdir sem laganefnd mun síðan taka til athugunar.

Nýr Lionsvefur er í vinnslu og hefur Sigurður Steingrímsson haft veg og vanda af vinnu við nýjan vef en samið var við fyrirtækið Stefnu Hugbúnaðarhús um uppsetningu á nýja vefnum.

Við stefnum að því að opna nýja vefinn formlega á fjölumdamisþinginu seinna í þessum mánuði.

Sala húseignarinnar í Sóltúni 20 er í kyrrstöðu sem stendur þrátt fyrir að mörg tilboð hafi borist í eignina. Engar eignir hefur verið að finna á markaðnum sem henta okkur. Aðeins ein eign hefur komið til sölu sem okkur hefur þótt ráðlegt að bjóða í en um þá eign voru margir sem sýndu áhuga og tilboðsupphæðir komnar vel yfir þær heimildir sem við töldum okkur hafa. Þar sem verðlag virðist á hraðri uppleið tel ég rétt að endurmeta verðið sem sett er á Sóltúnið og sækja til fjölumdamisþingsins rýmri heimildir til kaupa á nýrri eign.

Kæru félagar, nú styttist verulega í umdamum og fjölumdamisþing okkar sem verða haldin í Mosfellsbæ og vonumst við til að sjá sem flesta Lionsfélaga á viðburðum þar.



## Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.  
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

## Umdæmisstjóri 109A

Jón Pálmason

umdæmisstjóri 109A



Nú eru liðnir ¾ af starfsárinu og þessa þrjá mánuði sem eftir er verðum við að nota vel til að undirbúa starfið framundan. Einnig til að ljúka þeim málum sem ólokið er. Fyrir klúbbana er þetta rétti tíminn að velja vara-stjórn næsta árs, þannig að hún hafi allt næsta ár til að undirbúa sitt starf.

### Markmið vetrarins og eftirfylgni

Þið sem starfið í nefndum og ráðum á vegum Lions, þurfið núna að fara yfir hvort þið hafið

náð þeim markmiðum sem þið lögðuð upp með í haust. Það er mikilvægt að nota vel þennan tíma sem eftir er til að ná því fram sem ólokið er. Einnig þarf að huga að gerð skýrslna um starf ykkar sem nýtast þeim sem taka við starfinu næsta ár, þannig að þeir fái gott veganesti hvort sem það verða þið sjálfir eða nýir sem eiga að taka við.

Veturinn hefur þó gengið vel. Ég vil minna ykkur á að margt hefur áunnist. Við horfum á bjarta framtíð í Lionsstarfinu. Aðalsigrarnir eru í nokkrum klúbbum sem ekki leit vel út fyrir í byrjun. Lionsklúbbur Eskifjarðar var endurræstur og þar komu inn nýir félagar sem hafa styrkt klúbbinn. Lionsklúbburinn Fjölur er að taka inn í mars og apríl um 10 nýja féлага, en þar kemur inn ný kynslóð. Það sama er að gerast í Lionsklúbbnum Ægi. Nú reynir á forystu klúbbanna að vinna þannig úr þessum nýju félögum að þeir finnist þeir vera mikilvægir í klúbbnum. Eldri félagar þurfa að átta sig á því að það getur farið svo að klúbburinn þeirra breytist og það sé jákvætt því þá verði framþróun.

Ennþá standa góðar vonir til að hægt verði að stofna klúbb í Grafarholti og hverfunum þar um kring.

### Svæðisstjóri er mikilvægur

Mikilvægt er að svæðin manni stöðu svæðis-

stjóra. Svæðisstjóri er sífellt mikilvægari hlekkur í stjórnunarkerfju í Lions. Hlutverk hans er að styðja við bakið á stjórnnum klúbbanna í þeirra starfi. Svæðisstjórinn er tengiliður hreyfingarinnar við klúbbanna. Ég hef fundið það í mínu starfi að þar sem svæðisstjórinn er virkur verður betri árangur.

Formanna og samfundir sem haldnir hafa verið í Reykjavík og á Akureyri hafa tekist vel. Góð mæting hefur verið og félagarnir yfirleitt jákvæðir um starfið. Það sem einkenndi málflutning þeirra fulltrúa sem sögðu frá starfi klúbbana var bjartsýni um starfið, verkefni og fjölgun félaga.

Lionsþingið verður haldið í Mosfellsbæ 21. til 23. apríl og mjög áriðandi er að fulltrúar klúbbanna mæti þar til að hafa áhrif á starfið, bjóða sig fram í embætti í yfirstjórn eða taka á móti fróðleik og setja sig inn í stöðu mála. Eins eru skólar svæðisstjóra, formanna, ritara og gjaldkera áriðandi fyrir þá sem eru að taka við þeim verkefnum.

Að lokum vil ég segja, notið tímann vel sem eftir er til að tryggja áframhaldandi framgang hreyfingarinnar. Núna er félagafjöldinn í A umdæminu rétt yfir því sem þarf til að það sé fullgilt, þess vegna þarf að halda vel á spöðunum að þannig verði það áfram.

## Aldarafmæli Lions – „Centennial Celebration“ Afmælishátíð starfsárin 2016-2017 og 2017-2018

**Lionsmerkið** er komið í hátíðarbúning  
í tilefni aldarafmælisins. Svona lítur það út núna



Kæru Lionsfélagar,

Vinsamlegast notið **100 ára** afmælismerkin – “Centennial logos”  
á öll gögn Lions tvö næstu starfsárin: 2016-2017 og 2017-2018.

(s.s. bréf, dagskrár, fréttabréf og annað sem þið notið á fundum eða í samskiptum við aðra)

# Fimm milljónir bólusettar með hjálp Lions

## Eftir Eric Margules

Í borgum og þorpum Zimbabwe, sem mörg hver eru handan nútíma tækni, standa meira en fimm milljónir barna undir fimmtán ára aldri frammi fyrir ógn lífshættulegra sjúkdóma. Mörgum þessara sjúkdóma, s.s. mislingum, er auðvelt að verjast með einfaldri bólusetningu.

Sem betur fer, þar sem þörfin er þar er Lions.

Lions vissi að til þess að stöðva framgang sjúkdóms á borð við mislinga, kallaði það á fjármagn og vel skipulagða samvinnu. Í því skyni samdi LCIF við lyfjafyrirtækið Gavi árið 2013. Og í september sl. gekk Lionshreyfingin í Zimbabwe ásamt Gavi til liðs við heilbrigðisráðuneytið þar í landi í 5 daga átaki sem miðaði að því að bólusetja 5,2 milljónir barna gegn mislingum og rauðum hundum auk þess sem þeim var gefið a-vítamín.

Ráðuneytið skipulagði átakið, Gavi lagði til bóluefni og vítamín en Lions tók að sér að virkja sjálfbodaliða og auglýsa átakið.

Með 100.000 dollara styrk frá LCIF kom Lionshreyfingin í Zimbabwe fyrir auglýsinga-spjöldum með fram vegum og nýtti ljósvakamiðla. Lions- og Leofélagar dreifðu upplýsingamiðum á torgum og virkjuðu farsíma til þess að koma sms skilaboðum til fjölskyldna sem höfðu ekki aðgang að útvarpi og sjónvarpi. Þannig náðist til flestra íbúa landsins.

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneyti Zimbabwe náðist að bólusetja alla þá sem átakið beindist að og níutíu prósent þeirra fengu a-vítamín.

“Við sáum auglýsingu í blaðinu og fannst okkur bera skylda til að láta bólusetja börnin okkar gegn mislingum. Það var stutt að fara og kostaði okkur ekkert. Stórkostlegt framtak”, sögðu foreldrar barnanna.

Ótrúlegur árangur átaksins sýnir glögglega hverju Lions, í samvinnu við aðra, fær áorkað til heilla í samfélaginu. Enn er mikið starf óunnið víða um heim í baráttunni gegn mislingum. Sem hluti af samningnum við Gavi vinnur LCIF, ásamt sjálfbodaliðum, við að safna 30 milljónum dollara þess að koma á svipuðu átaki í nokkrum fátækustu löndum heims. Alþjóða þróunardeild Bretlands og Bill og Melinda Gates stofnunin ætla að leggja fram sömu upphæð þannig að alls verður upphæðin 60 milljónir dollara.

Hægt er að lesa meira um samvinnu LCIF og Gavi gegn mislingum á vefsíðu LCIF ([lcif.org/EN/our-work/humanitarian-efforts/measles.php](http://lcif.org/EN/our-work/humanitarian-efforts/measles.php)).

*Þýðing: Edda Briem*



*Lionsfélagar undirbúa barn fyrir bólusetningu gegn mislingum og rauðum hundum í skóla nálægt Harare.*



## Aldarafmæli Lions – „Centennial Celebration“ Afmælishátíð starfsárin 2016-2017 og 2017-2018

**Mikilvægt er að sem flestir klúbbar taki þátt í afmælishaldinu og að gott samstarf sé milli Lionsklúbba og við forystu Lions.**

### Afmælisfulltrúi klúbba

Allir klúbbar eru beðnir um að skipa afmælisfulltrúa, sem starfar frá því núna (vor 2016) til júní 2018.

Afmælisfulltrúinn stýrir **undirbúningi klúbbsins** og er **tengiliður** við þá sem skipuleggja afmælishaldið.

Gott er að fulltrúinn sé með góða yfirsýn yfir starf klúbbsins t.d. **fyrirverandi formaður**.

**Nú gerum við okkur dagamun** og notum tilefnið til að kynna okkar góða starf og skemmtilega félagsskap.



# LCIF sjónverndarstarf – Nýtt líf, eftir eitt símtal

## Eftir Cassandra Rotolo

Will Jackson var aðeins 18 ára þegar hann greindist með gláku. Þrátt fyrir lélega sjón lifði hann tiltölulega eðlilegu lífi næstu 30 árin. Hann á tvo syni og unnustu, elskar að elda og hefur getað notað almenningssamgöngur til að ferðast um Baltimore.

Undanfarið hefur Jackson þó fundist æ erfiðara að sinna daglegum athöfnum eins og að lesa blaðið, skoða reikninga og skrifa ávísanir. Þegar augnlæknir hans mælt með að hann leitaði aðstoðar og endurhæfingar hjá Lions sjónverndar- og endurhæfingarstöðinni við Johns Hopkins Wilmer Eye Institute í Baltimore, hélt Jackson að ekki væri mikið hægt að gera fyrir hann. Hann hafði lagað sig það vel að því að lifa við gláku og hann hafði aldrei leitað eftir aðstoð annars en síns augnlæknis. Engu að síður ákvað hann að panta viðtal við sérfræðing á sviða sjóndepru.

Nokkrum dögum síðar fékk Jackson símtal frá fyrrverandi umdæmisstjóra, Ken Chew. Hann hringdi fyrir hönd endurhæfingar-samtaka fyrir þá sem eru með litla sjón (LOVRNET) sem fjölmudæmi 22 stendur að í samstarfi við Lions sjónverndar- og endurhæfingarstöðina. Lions LOVRNET er tilraunaverkefni þar sem tekist er á við endurhæfingu sjónþapra í Delaware Maryland.

Verkefnið gengur út á að meta þarfir sjúklingsins og hvað er í boði fyrir hann. Einfalda honum þannig aðgengi að allri fánlegri aðstoð.

Símtalið sem Jackson fékk tók um það bil eina klukkustund. Símtalið gekk út á einskonaformát á þörfum hans og eftir það fékk hann upplýsingar um alla þá hjálp auk tóla og tækja sem hann gæti fengið. Sérstakar myndavélar, sér hönnuð stækkunargler, talandi armbandsúr og ýmislegt fleira sem gæti aðstoðað hann við að vera hann sjálfur enn lengur. Með hjálp tækja og búnaðar frá Lions augnlæknastöðinni vonaðist Jackson jafnvel til að geta horft á fótbolta einn daginn. „Upplifunin af þessu er eins og að verða aftur manneskja. Ég fæ tækifæri til að tala við fólk og hlægja með þeim. Þessi hjálp frá Lions er ekki bara að mæta hjá lækninum til að fylla út einhver eyðublað. Mér finnst ég aftur orðin manneskja,“ segir Jackson

Lions fjölmudæmi 22 hefur fengið 567.647 dollara Sjónverndarstyrk (SightFirst grant) frá LCIF til að vinna að LOVRNET. Til viðbótar þessu hjálparstarfi hefur LOVRNET verkefnið einnig veitt fjölmörgum sjóntækjafræðingum, augnlæknum og starfsfólki augnlæknastöðva þjálfun og endurmenntun til þess að vera hæfara til að veita sjónskertum betri aðstoð og endurhæfingu.

LOVRNET fékk innblástur frá samstarfi fjölmudæmis 22 og John Hopkins stofnunarinnar við þróun fræðsluverkefnis fyrir sjónskerta. Verkefnið, stutt með 200.000 dollara Standard Grant frá LCI, varð öðru fremur til þess að Lionsfélagar í fjölmudæminu fóru að sinna sjónverndarstarfi með áherslu á aðstoð og endurþjálfun þeirra sem er með sjónskerðingu.

Ken Chew segir það hafa haft mikil áhrif á klúbbinn sinn að taka



Lions sjónverndar- og endurhæfingarstöðin á Johns Hopkins Wilmer Eye Institute veitir mikilvæga endurhæfingarþjónustu fyrir blinda og sjónskerta. Myndin er birt með leyfi Marie Chew Lionsfélaga.

þátt í svona verkefni. „Ég hef verið Lionsfélagi í 25 árs. Klúbburinn minn er mjög góður í að safna peningum og deila út gjöfum og það er líka mikilvægt. En að ná svona góðum tengslum við þá sem eru hjálparþurfi og fylgjast með framförum þeirra minnir mann á hversu mikilvægt starf Lionshreyfingarinnar raunverulega er,“ segir hann. „Við höfum tækifærin til að láta meira gott af okkur leiða en flestir aðrir.“

Sjón Jacksons er verulega skert og við það má hann búa það sem eftir er en sýn hans á framtíðina er björt. Vegna aðstoðar Lions sér hann fram á að lifa tiltölulega sjálfstæðu lífi og því er aðstaða hans gjörbreytt.

Ef þú hefur huga á að kynnast LOVRNET verkefninu betur og skoða þann mikla árangur sem náðst hefur má nálgast allar upplýsingar á [lovrnet.com](http://lovrnet.com).

*Þýðing: Kristinn Hannesson*



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga.

# LCIF alþjóða hjálparsjóður Lions

Kristín Þorfinnsdóttir

Lkl. Emblu LCIF fulltrúi í 109 A



Nú styttist í þingið okkar í Mosfellsbæ sem haldið verður 22. til 23. apríl n.k.

Margir lionsklúbbar eru nú að taka ákvarðanir um afrakstur vetrarstarfsins, meta hvað eigi að styrkja og hvern eigi að viðurkenna fyrir gott starf.

LCIF fær yfir 75 % af tekjum sínum með Melvin Jones viðurkenningum og eiga margir klúbbar góðar innistæður fyrir þeim.



**Lions Clubs International  
FOUNDATION**

Lionsskrifstofan veitir fúslega upplýsingar um stöðu klúbba og það gerum við líka fulltrúar LCIF hér á landi.

Eins og við vitum öll þá er alþjóða-hjálparsjóðurinn okkar LCIF límið í starfinu okkar, við höfum fengið hingað til lands ótrúlega miklar fjárhæðir til tækjakaupa á Landspítalann og í svo miklu fleiri verkefni.

Það er svo mikilvægt að taka þátt, sýna lit og láta vita að við munum svo sannarlega eftir LCIF

Það þurfa ekki að vera stór framlög það mega vera litlar upphæðir en það skiptir mjög miklu máli að við teljumst með, því fleiri klúbbar því betra – helst allir klúbbar á landinu.

Við værum með því í orði og verki að sýna góða virkni og góða þátttöku í alþjóðlegu starfi okkar.

Með fjölgun klúbba sem tekur þátt í að styrkja LCIF árlega með einhverri fjárhæð erum við líka að sýna frambjóðandum okkar til alþjóðaforseta, Guðrúnu Björtu mikinn styrk.

Stöndum saman allir klúbbar, tökum þátt í að styrkja með stolti LCIF við vitum öll þörfina og þekkjum af reynslu stuðninginn sem við getum sótt í þennan stóra öfluga hjálparsjóð LCIF.

## Aldarafmæli Lions – „Centennial Celebration“ Afmælishátíð starfsárin 2016-2017 og 2017-2018

### Þrjúþætt AFMÆLIS markmið:

#### Leggja fleirum lið



#### Betri VERKEFNI

Einbeitum okkur  
að 4 aðalflokkum  
verkefna Lions.

#### Þjóða fleirum aðild



#### Sterkari FÉLAGAR

Styrkjum klúbbinn  
með fleiri félögum  
og góðu starfi.

#### Bætum samstarfið



#### Meiri KYNNING

Aukum samvinnu  
við samfélagið og  
verum sýnilegri.



# Ungmennabúðir á Ítalíu



Ég fór til Ítalíu í ungmennabúðir á vegum Lionsklúbbsins Hængs, það var Lions á Ítalíu, MD 108 sem stóð fyrir ungmennabúðunum sem hétu Campo Italia og yfirskrift þeirra var „City of Peace“. Ferðin byrjaði á því að ég fór fyrst til fjölskyldu sem bjó í Belluno sem er norðan við Feneyjar og það tók um klukkustund að fara þangað frá Feneyjum, ég var þar í eina viku. Fjölskyldan sem ég var hjá var mjög góð og vingjarnleg, enda lionsfjölskylda. Þau vildu allt fyrir mig gera og fræddu mig mikið um landið, fólkið og þjóðina. Þau tóku mig með í bíltúra, golf, göngutúra og við fórum að Gardavatni þar sem við syntum, það var um 35 – 38 stiga hiti alla ferðina og gott að komast sem fyrst í kælingu. Ég fór líka með þeim á brimbretti og það var mjög skemmtilegt (og erfitt). Eftir að hafa verið hjá þeim í viku fór ég í lest til Bologna ásamt annarri stelpu sem hét Narmeen, hún var frá Ísrael, mjög skemmtileg stelpa og við höldum enn sambandi í dag. Þegar við komum til Bologna beið eftir okkur rúta, örfáir aðrir voru komnir í rútna þannig að næstu daga keyrðum við um alla Ítalíu, frá norðri til suðurs og sóttum fleiri sem ætluðu að taka þátt í ungmennabúðunum í Rovereto. Þetta var fínasta skemmtun því



stjórnendur sáu til þess að við stoppuðum á öllum helstu stöðum til að skoða okkur um. Á endanum vorum við um 45 krakkar og þann 10. júlí fórum við til litla bæjarins Alberobello og gistum þar í 5 daga. Á meðan við höfðum bækistöð í Alberobello fórum við til Bari sem er mjög fallegur bær þar sem við fengum leiðsögn um helstu staðina, við skoðuðum kirkjurnar þar líka, en við skoðuðum kirkjur allsstaðar og þær eru sannarlega fallegar en ólíkar. Við fórum líka frá Bari í þorp sem hét Itria Valley þar sem húsin eru hvít og steipt eins og keilur, við fórum líka til Matera og til Santa Maria Capua Vetere og skoðuðum rústirnar sem eru þar. Næsta stopp var svo Róm og þar gistum við í 3 nætur. Þaðan fórum við í Vatíkanið og þar þurftum við að vera í síðum buxum og máttum ekki vera í hlýraból og það var heitt. Við gengum um stórborgina Róm, í ferðinni allri gengum við mjög mikið og við drukkum mjög mikið vatn og borðuðum ávexti, við sáum Colosseum sem var stórfenglegt. Eftir þessa 3 daga keyrðum við til Chianti Valley Pienza og Montepulciano Tuscany sem er í miðju landinu. Um kvöldið fórum við til Flórens skoðuðum borgina og gistum í eina nótt þar, þvínaest fórum við til Rovereto sem er mjög heimilisleg borg þar sem búa um 43 þúsund manns og við gistum þar í 10 daga en fórum með rútu á hverjum degi um alla norður Ítalíu ásamt því að ganga um og gerðum allskonar skemmtilega hluti. Sem dæmi þá fórum við á strönd, við fórum í súkkulaðismökkun – namm namm og við fórum í Dolómítafjallgöngu, þá var gott að hafa góða gönguskó. Við fórum til Spino Acqueduct, við fengum kynningu á hvernig á að haga sér í umferðinni og að akstur og áfengi fara ekki saman. Við skoðuðum Milano Expo og Nagiá Grom trenches með fyrrum hermönnum og bjuggum til pizzu sjálf. Inn á milli þessara ferða æfðum við atriði sem við svo fluttum í lokaathöfn búðanna. Síðustu 2 dagana vorum við í Feneyjum þar sem við skoðuðum okkur um sem var líka mjög gaman.

Allt þetta var mjög skemmtileg og ævintýrleg upplifun en krefjandi að vera virkur og alltaf á ferðinni í næstum því mánuð í nærri 40 stiga hita.

*Takk fyrir mig Þóra Aldís.*





# Leggjum lið með stolti

**Björg Bára Halldórsdóttir**

**Varaumdæmisstjóri 109B**



Nú líður að lokum þessa starfsárs. Þetta er búið að vera gott ár og gjöfult. Ég er stolt af ykkur kærú Lionsfélagar, þið hafið verið starfsöm og sinnt góðum málefnum um land allt.

Það hefur verið mér mjög ánægjulegt að fá tækifæri til að heimsækja ólíka klúbba í B umdæminu og þakka ég ykkur öllum góðar móttökur. Klúbbarnir eru ólíkir, sumir

fámennir aðrir fjölmennari, misvirkir eftir stærð og aldri féлага en allir eru að vinna vel að sínum verkefnum alveg burtséð frá því hvernig virkni klúbbanna er háttáð að öðru leyti. Meira að segja heimsótti ég einn klúbb sem hefur verið í mikilli lægð í vetur og aðeins haldið tvo fundi en samt sem áður sinnt sínum verkefnum vel. Það er ótrúlega ríkt í Lionsfélögum að standa sína vakt hvernig sem á stendur.

Formannafundur í Sóltúninu í febrúar var mjög vel sóttur og voru þar fulltrúar rúmlega 20 klúbba. Allir höfðu sömu sögu að segja, burtséð frá starfi að öðru leyti þá voru klúbbar að vinna vel að sínum verkefnum og styrkja og styðja mörg góð málefni. Þarna kom hver á fætur öðrum og sagði sína sögu um styrki til hægri og vinstri, bæði smáa og stóra og meira að segja suma mjög stóra. Það sem vakti mig til umhugsunar var, hvað allir voru hógværir og lítt sjálfumglaðir með þessar stóru gjafir og miklu vinnu sem að baki þeim liggur. Auðvitað eigum við að vera stolt af okkar vinnu, sem ég er viss um að allir eru í raun og veru en við þurfum líka að láta það heyrast, sem víðast. Verum dugleg að segja fólki í kringum okkur hvað Lionsklúbbarnir eru að

gera, notum hvert tækifæri, í vinnunni, félagslífinu, fermingarveislunum og allstaðar þar sem við höfum tök á. Við megum vera stolt af okkar verkum, verum stolt.

Ég hef verið að hugleiða og leita skýringa á þessari hæversku Lionsfólks. Ég er helst á því að þessi vinna sé orðin svo eðlilegur hluti af lífi okkar og tilveru að við tökum ekki lengur eftir því, svo sjálfsgagt, líkt og andardráttur og að hjartað slær. Það er alls ekki sjálfgefið að ríflega 2000 manns gefi sína vinnu til styrktar öðrum ár eftir ár. Við erum að gera mjög góða hluti, ég er ansi hrædd um að víða væri bággt ástand ef Lionshreyfingarnar nyti ekki við.

Minum okkur á þetta öðru hvoru og verum stolt af okkar framlagi til samfélagsins. Leggjum lið og látum það heyrast!

*Með sumarkveðju,*



## Aldarafmæli Lions – „Centennial Celebration“ Afmælishátíð starfsárin 2016-2017 og 2017-2018

**Varanleg og sýnileg AFMÆLIS VERKEFNI**  
unnin á tímabilinu júlí 2014 - júní 2018 (má skrá á MyLCI)

Hér eru nokkur dæmi um varanleg og sýnileg verkefni, sem nýtast samfélaginu



**Level 1**

**Level 2**

**Level 3**



- Bekkur á gönguleið t.d. í garði eða við stíg.
- Lions-skrúðgarður eða Lions-leikvöllur.
- Lions-bygging, t.d. skóli, spítali eða lækningatæki

# Kótilettukvöld hjá Lionsklúbbum Bjarma

## Söfnuðu rúmum þremur milljónum til kaupa á ómtæki

Forsagan er sú að félagar í Lionsklúbbum Bjarma á Hvammstanga veltu því fyrir sér í haust á hvern hátt mætti efla starfið. Hugmynd kom upp að halda kótilettukvöld, en um þessar mundir er víða vinsælt að halda samkomur þar sem kótilettur eru á boðstólnum, enda þjóðlegur úrvalsmatur. Margir lionsklúbbar hafa haldið sviðamessur, troskvöld, kúttmaga-kvöld, villibráðakvöld og þannig mætti lengi telja. Þessar samkomur eru oft liður í fjáröflunarstarfi klúbbanna og ágóðinn nýttur til að leggja góðum málum lið. Hugmyndin þróaðist sem sagt frá því að nokkrir kallar kæmu saman og snæddu sér til ánægju upp í 300 manna fjáröflunarveislu þar sem tugir manna komu fram og skemmtu. Það var Jóhannes Erlendsson bílasali sem eins og svo oft áður átti þessa snjöllu hugmynd.

Síðasta haust var farið að ræða um að kaupa þyrfti nýtt ómtæki fyrir heilsugæsluna á Hvammstanga. Núverandi tæki sem er orðið 10 ára gamalt er úrelt og nánast ónot-hæft. Notkun ómtækja er að verða algengari í heilsugæslu og bráðalækningum, en þessari tækni fleygir nú hratt fram og vill starfsfólk heilsugæslunnar á Hvammstanga gjarnan fylgja þeirri þróun og veita íbúum Húnaþings vestra sem besta þjónustu. Nýtt og öflugt ómtæki mun nýtast m.a. við fósturskoðanir, skoðanir ýmsra innri líffæra, skoðun og mælingar á æðum og ástungur á liði, æðar, kýli og fleira. Ómskoðun getur gefið vísbendingu um hversu bráður vandi er og hvort/eða hvernig flytja eigi sjúkling á sjúkrahús.

Lionsklúbburinn Bjarmi í samstarfi við ýmsa aðila m.a. kvenfélög og kóra gekkst fyrir söfunarskemmtun og kvöldverði, kótilettukvöldi í Félagshöndlinu á Hvammstanga laugardaginn 5. mars s.l. Konur úr Húsfreyjunum á Vatnsnesi og Kvenfélaginu Björk önnuðust veitingar. Veislustjórar voru Guðni Ágústsson fyrrverandi ráðherra og séra Magnús Magnússon félagi í Lionsklúbbum Bjarma og fóru þeir á kostum. Þar að auki komu fram: Karlakórinn Lóuprælar, Kirkjukór Hvammstangakirkju, Lillukórinn, Hljómsveit Geir Karlssonar, félagar úr Leikflokknum Hvammstanga, flutt var atriði úr söngleiknum Súperstar og Elínborg Sigurgeirsdóttir og félagar fluttu dinnertónlist.

Allir sem unnu að undirbúningi og framkvæmd og skemmtu á samkomunni gáfu vinnu sína. Sama er að segja af öllu hráefni, ásamt afnotum af húsnæði og tækjum allt lagt til án endurgjalds á þessari nær 5 klst. skemmtun.



Jói, Guðmundur H. og Geir.



Magnús með hljómsveit.



Kirkjukórinn allur.



Magnús og Guðni með púðann.



Guðni með hestinn.



Munir á borði.

Alls söfnuðust rúmar 3 milljónir með þessum viðburði þ.e. með aðgangseyri, styrktarlínunum í dagskrárbæklingu, sölu á bar og uppboði á listmunum og handverki úr héraði ásamt gistivinningum. Alls söfnuðust 485 þúsund krónur á uppboðinu og styrktarlínur í dagskrárbæklingi gáfu 850 þúsund krónur í tekjur.

Með frjálsum framlögum sveitarfélags, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga hafa þar að auki safnast nær 4 milljónir inn á reikning Hollvínasamtaka Hvammstanga þannig að nú hafa safnast um 7 milljónir sem er nálægt því að vera andvirði nýs ómtækis án virðisaukaskatts. Tækið hefur nú verið pantað og verður formlega afhent á vordögum. Félagar í Lionsklúbbum Bjarma þakka öllum þeim einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum sem studdu þá í þessu skemmtilega verkefni.

Guðmundur Haukur Sigurðsson  
Formaður Lionsklúbbsins Bjarma



# Góugleði Lions kvenna



Cecilia Magnúsdóttir

Góugleði Lions kvenna var haldin í fyrsta sinn á alþjóða baráttudegi kvenna þann 8. mars síðastliðinn. Þetta var tilraunaverkefni sem snérist um að koma konum saman í spjall og skemmtilegheit ásamt því að kynna Lions-hreyfinguna fyrir fleiri konum. Lions er jú með það að markmiði að konur verði 50% félaga á 100 ára afmælinu á næsta ári.

Nokkrar konur frá mismunandi klúbbum stóðu að herlegheitunum sem þótti takast með eindæmum vel svo að miklar líkur eru á annari (sitjandi) Góugleði árið 2017. Það tóku 226 konur þátt í hátíðinni okkar.

Konur streymdu í Haukahúsið með rútum og á einkabílum ákveðnar í að hafa það skemmtilegt og ekki skemmdi fyrir að á barnum stóðu nokkrir fjallmyndarlegir eiginmenn vaktina til að passa að engin kona yrði þurr í hálsi. Veislustjórinn Katrín Jakobsdóttir forfallaðist því miður en kom það ekki að sök, Lionskonur redda málunum.

Heiðar Jónsson var með tölu í boði Ölgerðarinnar, Karl Karlsson heildverslun studdi líka við bakið á okkur varðandi veitingar og Björn Thoroddsen spjallaði og spilaði á gítar fyrir okkur eins og honum einum er lagið.

Konur voru fljótár á lappir þegar dúndrandi Súmbatónlist hljómaði í salnum og góð kona úr Mosfellsbænum kenndi okkur nokkur góð spor til að eiga í farteskinu.

Kostnaði var haldið í lágmarki en ágóði var af kvöldinu um krónur 300.000 sem búið var að ákveða að leggja inn á alþjóðahjálparsjóð Lions LCIF og merkja það mislingaverkefni.

Við getum stoltar sagt að við höfum með þessu framlagi okkar bjargað tæplega 2.400 börnum með mislingasprautu.

*Góugleðisnefndin þakkar ykkur stuðninginn.*



*Nefndin.*



*Við komum störfum okkar í klúbbunum á framfæri með rúllustöndunum okkar.*



*Við dönsuðum og lærðum ný spor.*



*Heiðar snyrtir var með skemmtilega kynningu, sem við förum ekkert nánar út í hér.*



*Veitingar voru glæsilegar.*



*Þetta var svólítið standandi party líka.*



*En flestar okkar fengu stóla.*



*Guðrún Björt sagði okkur frá framboðsmálum sínum, KONUR STYÐJA KONU, við erum allar mjög stoltar af henni.*



*Gítarsnillingurinn Bjössi Thor.*



*Sesselja í Kaldá kallaði Kaldárkonur til sín og við sungum afmælisöng fyrir þær.*



*Meiri dans, ekki leiðinlegt.*



*Þetta var svo gaman, takk fyrir samveru.*

## Fjölbreytt starf og fjörugur vetur hjá Dynk



*Björgvin, Örn og Sigurður í fjósínu á Reykjum.*



*Aðalsteinn, Halldór, Bjarni Ófeigur og Guðmundur.*



*Oddur Guðni Bjarnason, formaður ferðanefndar Dynks, kynnis Njáluferdina.*

Lionsklúbburinn Dynkur var stofnaður fyrir réttum tveimur árum. Hefur starfið farið vel af stað og gengið prýðilega að byggja það upp, bæði félagsfundi vetrarins og fjáröflunarstarf á sumrin.

Á félagsfundunum í vetur höfum við kappkostað að hafa fundina bæði fjölbreytta og áhugaverða, hæfilega blöndu af skemmtun og fróðleik. Við höfum vetrarstarfið á því að fá Lionsmanninn Guðmund Oddgeirsson úr Þorlákshöfn til að segja okkur frá björgunarstörfum í Ljósufjallasýsinu. Næst fengum við tónlistarmanninn Magnús Kjartansson til þess að segja okkur söguna á bak við lögin sín og leika nokkur þeirra á hljómborðið. Þá komu þeir Eggert Leví og Halldór og héldu námskeið og loks var haldið jólahlaðborð í Hestakránni.

Eftir áramót höfum við haldið sama dampi. Jóhannes Eggertsson, félagi okkar og fyrsti formaður, sagði okkur frá ferðalagi um Asíu, farið var í leikhús að sjá Njálu og nú síðast sótti Geysir okkur heim og saman fóru klúbbarnir í skemmtilega heimsókn í eitt glæsilegasta fjós landsins á Reykjum á Skeiðum.

Í sumar tekur fjáröflunarstarfið við með því að safna rusli meðfram veginum í



*Jósep Geir býður Snæbjörn velkominn í Dynk.*

sveitarfélaginu og annast um kirkjugarðinn við Ólafsvallakirkju.

Umfram allt hefur þetta verið skemmtilegt starf og þakklátt. Klúbburinn er virkur og kraftmikill og félagsmenn mæta vel á fundina og sinna starfinu með sóma. Nú síðast bættist nýr félagi í hópinn, Snæbjörn Guðmundsson á Hlemmiskeiði, og eflir það enn gott starf.

*F.h. stjórnar Dynks  
Björgvin G. Sigurðsson, formaður Lkl. Dynks.*



*Guðmundur og Jóhannes afhenda heilsugæslunni í Laugarási styrk frá klúbbum, Læknarnir Gylfi og Lýður veittu viðtöku.*



# Lionsstarf í Tungunum

Það hefur verið góður gangur í starfi Lionsklúbbsins Geysis í Biskupstungum að undanförmu. Við leggjum mikla áherslu á að njóta góðra samverustunda við leik og störf. Ef afrakstur þeirra stunda og verkefna er samfélaginu nær og fjær til gagns, þá er tilgangi starfsins okkar náð. Aðalverkefni okkar eru að afla fjár sem síðan er útdeilt til góðra mála, þar sem stuðnings er þörf. Reglulegir fundir okkar eru haldnir tvisvar í mánuði frá september fram í maí. Á fundina koma gjarnan fyrirlesarar sem færa okkur fróðleik. Oft bregða klúbbfélagar undir sig betri fætinum og fara af bæ, oftast innan uppsveitamarkanna. Þá hefur atvinnurekstri á ýmsum sviðum verið gerð góð skil, þau fyrirtæki sem við höfum heimsótt eru orðin býsna mörg. Klúbbfélagar eru því orðnir fróðir um atvinnulífið á svæðinu. Dæmi um það eru heimsóknir nú í mars í Límtrésverksmiðjuna á Flúðum og í tæknivætt fjós á Reykjum á Skeiðum. Það er dýmætt fyrir okkur hvað viðtökurnar eru ávallt góðar þar sem við leitum eftir að tekið verði á móti okkur.

Árviss atburður í starfi klúbbsins er að koma saman kvöldið fyrir þorraprælinn í Aratungu til að borða hrossaket og njóta söngs og skemmtan. Það kvöld ber heitið Villimannakvöld, nafngiftin er tilkomin vegna þess hve menn taka þar hraustlega til matar síns. Þarna hafa komið saman á annað hundrað karlar. Auk okkar sjálfra eru þar vinir og félagar úr öðrum lionsklúbbum.

Á hverju hausti förum við með mökum í dagsferð og fórum síðastliðið haust um Flóann. Innansveitarsímaskrá verður gefin út á næstunni og hefur það verið gert á tveggja ára fresti í rúm tuttugu ár. Við höfum selt í hana auglýsingar með góðum árangri.

Meðal verkefna sem klúbburinn kemur að eru kaup á búnaði til heilsugæslunnar í Laugarási, grunnskólans, björgunarsveitar og íþróttamannvirkja í Biskupstungum. Sjóðurinn Góði er sameiginlegur styrktarsjóður Rauða krossins, Kvenfélaga og Lionsklúbba í Árnessýslu. Hann styrkir þá sem minna mega sín í sýslunni fyrir jól og páska. Útdeiling úr honum fer eftir ströngum reglum. Geysir hefur komið að þessum sjóði í allmörg ár. Alþjóða hjálparsjóðnum eru einnig gerð skil reglulega. Til margra ára hafa klúbbfélagar og fjölskyldumeðlimir þeirra farið í Rótarmannatorfur sem eru sunnan undir Bláfelli á Tungnamannaafretti. Þessi ferð hefur verið farin í byrjun júní og



gróðursettar trjáplöntur, oftast birki sem Landgræðslufélag Biskupstungna hefur látið okkur í té. Árangur af því starfi er nokkuð sem við erum drjúgir yfir og er hann meiri en við bjuggumst við í upphafi. Annað hefðbundið vorverk hjá okkur er að hreinsa rusl meðfram vegum eftir endilöngu sveitarfélaginu, auk þess höfum við gripið í að vinna tilfallandi verkefni fyrir sveitarfélagið. Á árum áður var aðalfjáröflunin sú að gengið var í hús og boðnar ljósaperur og klósettpappír, sá siður hefur verið aflagður. Klúbbnum er umhugað um heilbrigðismál. Í nóvember býður klúbburinn upp á fríar blóð-sykurmælingar og fleiri hugmyndir að verkefnum sem stuðlað geta að bættri heilsu eru til skoðunar hjá okkur.

Félagar telja nú 26, eftir að einn félagi okkar Gunnar Haraldsson kvaddi þetta líf fyrir skömmu. Blessuð sé minning hans. Aldur féлага er frá 34- 80 ára og meðalaldur er 57 ár. Stjórn þessa starfsárs skipa : Guðmundur Ingólfsson formaður, Þorsteinn Þórarinnsson ritari og Snorri Guðjónsson gjaldkeri. Klúbburinn hefur starfað í 32 ár og eru fjórir af stofnfélögnum enn starfandi í klúbbnum. Við horfum björtum augum á framtíð klúbbsins og finnum mikinn meðbyr og velvild í samfélaginu, Fyrir það erum við þakklátir.

*Fyrir hönd Lionsklúbbsins Geysis  
Kristófer Tómasson sídameistari og Þorsteinn Þórarinnsson ritari.*

## Aldarafmæli Lions – „Centennial Celebration“ Afmælishátíð starfsárin 2016-2017 og 2017-2018

### Þrjúþætt AFMÆLIS markmið:

#### Leggja fleirum lið



#### Betri VERKEFNI

Einbeitem okkur að 4 aðalflokkum verkefna Lions.

#### Bjóða fleirum aðild



#### Sterkari FÉLAGAR

Styrkjum klúbbin með fleiri félögum og góðu starfi.

#### Bætum samstarfið



#### Meiri KYNNING

Aukum samvinnu við samfélagið og verum sýnilegri.

## Hjálparsjóður Lions

Hjálparsjóður Lions var stofnaður árið 1995 en þá voru ýmsir sjóðir. Hinnar Lions hreyfingarinnar sameinaðir í einn sjóð og er tilgangur sjóðsins að veita neyðaraðstoð ef skjótt á að bregðast við í nafni Lions hreyfingarinnar á Íslandi vegna náttúruhamfara og eins styrkir sjóðurinn bæði innlend og alþjóðleg verkefni.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins var 2.500.000 kr. og var sala á minningarkortum Lions aðalfjáröflun sjóðsins til að byrja með. Árið 2013 var Kjaransorðan stofnuð og rennur gjald það sem klúbbarnir greiða vegna veitingu orðunnar óskipt í Hjálparsjóðinn. Upphaflegt gjald vegna orðuveitingarinnar var 50.000 kr. en hefur nú verið hækkað í 60.000 kr.

Í febrúar 2014 ritar Fjöllumdæmisstjóri Lions, Benjamín Jósefsson bréf til allra Lions klúbba í landinu og hvetur Lions félagi til að styrkja sjóðinn, með því að greiða vissa upphæð mánaðarlega inn á sjóðinn, einskona áskrift í gegnum kreditkort viðkomandi. Í samtali okkar við Benjamín, þá kom í ljós að þessi aðferð skilaði ekki miklu og var þátttakan dræm.

Í gegnum tíðina hefur þó sjóðurinn samt getað styrkt margvísleg málefni, svo sem Hjartaheill vegna kaupa á hjartaþræðingartæki, rústabjörgunasveit Landsbjargar, Færeyjar söfnun og Hjálparstofnun kirkjunnar vegna tækjakaupa fyrir Landspítalann. Hinsvegar situr eftir sú staðreynd að sjóðurinn er ekki nægilega öflugur ef náttúru hamfarir dynja yfir.

Hópur 3 hefur fundað og hugsað málið síðustu 2 vikur og rætt um hvaða leiðir hreyfingin hefur til að afla sjóðnum meira fé og erum við sammála um að leggja fram eftirfarandi tillögur:

Okkur finnst minningarkortin ekki nógu aðgengileg og þótt þeim sé dreift á klúbbana, þá er eins og félagsmenn muni ekki eftir þeim eða að þeim finnst það of mikil fyrirhöfn að senda kortið þegar tilefni gefst til. Við leggjum til að ferlið verði einfaldað og að um leið og menn opna nýja Heimasiðu Lions þá blasi auglýsing á kortinu við opnun síðunnar, t.d. gluggi „Panta Minningarkort“.

Til að senda minningarkort þurfi síðan einfaldlega að klicka á gluggan og þá opnast leið fyrir menn að rita textann sem þeir ætla að senda og eins verði hægt að greiða fyrir kortið beint í gegnum heimabankann eða að sendandi fái póst um greiðslu og banka upplýsingum hvert eigi að greiða inn á sjóðinn. Best væri að hafa link á helstu banka, þar sem flestir eru farnir að nota heimabankann í öllum sínum viðskiptum.

Við teljum að með því að einfalda ferlið þá muni minningarkortið verða miklu meira notað og þar sem Lions hreyfingin er að opna nýja heimasíðu, þá sé upplagt tækifæri að koma minningar kortinu inn á síðuna, en þetta verður að vera einfalt í notkun. Við látum tæknimennina um nánari útfærslu og síðan fær skrifstofan tilkynningu um hvert senda eigi kortið.

Eins ættum við að muna að auglýsa minningarkortið miklu meira, í öllum Lionsblöðum og alltaf þegar tækifæri gefst ætti að minnast á Hjálparsjóð Lions, tilgang sjóðsins og hvernig hann sé fjármagnaður.

Lionshreyfingin hvetur félagana til að þakka fyrir velunnin störf og að það eigi að nota hvert tækifæri til að hvetja, hrósa og gefa félögum klapp á bakið. Oft eru keyptir erlendir plattar, stytur eða álíka gripir til að færa félögum við slík tækifæri.

Okkur finnst vanta íslenska Lions viðurkenningu, einhverskonar þakklætis orðu, (vantar að finna gott nafn á orðuna) og mætti gjarnan hafa hana í Gulli, silfri og bronsi, nú eða bara 3 mismunandi peninga, festir á borða sem væri hægt að hengja á félagi og verðlauna fyrir gott starf. Við minnum á að gjarnan verðlaunar formaður klúbbsins nokkra félagi fyrir góð störf í lok hvers tímabils og þá væri upplagt að gefa slíka þakklætisorðu/viðurkenningu við það tækifæri. Verðið gæti verið

mismunandi, 10, 15 og 20 þúsund, allt eftir efnun og ástæðum klúbbsins.

Oft er félagsjóður fátækur og alltaf verið að reyna að hafa félagsgjöldin sem lægst og við sjáum ekkert athugavert við að kostnaðurinn við þessar orður sé tekinn úr verkefnasjóði klúbba þar sem upphæðin fer beint í Hjálparsjóðinn og þar áfram til mannúðarmála.

Jafnvel mætti hugsa sér að verðlauna hina ýmsu velunnara Lions klúbba og þá erum við að hugsa út fyrir hreyfinguna, forráðamenn fyrirtækja sem hafa stutt við bakið á klúbbunum og ýmis önnur tækifæri. Allur ágóði sem kemur af sölu þessarar þakklætisorðu/viðurkenningu myndi renna beint í Íslenska Hjálparsjóðinn.

Kjaransorðan er æðsta viðurkenning sem Lions hreyfingin á Íslandi getur veitt. Samkvæmt reglunum má einungis veita 5 orður á ári og skulu allar umsóknir fara fyrir orðunefnd.

Í dag borga klúbbarnir 1000 dollara fyrir Melvin Jones viðurkenningu sem er á núgildandi gengi um 130 þúsund krónur. Við í Hóp 3 finnst að Kjaransorðan ætti að vera dýrari en Melvin Jones, sérstaklega þar sem mjög er takmarkað hvað margar orður eru eða má veita á hverju ári. Við leggjum til að tilleggið í Íslenska Hjálparsjóðinn verði 150 þúsund krónur fyrir hverja orðu.

Pegar við í Hóp 3 byrjuðum á að við að okkur gögn um Íslenska Hjálparsjóðinn, þá reyndist það erfiðara en við höfðum átt von á. Skrifstofan virtist ekki hafa reglur sjóðsins tiltækar, benti á Benjamín Jósefsson sem hafði gert tilraun til að afla sjóðnum fé eins og áður er lýst, en að lokum fengum við reglur sjóðsins, reglur um Kjaransorðunnar og önnur gögn frá aðdraganda að stofnun sjóðsins sent frá Guðjón formanni sjóðsstjórnar, en þar sem hann var erlendis gat hann ekki sent okkur þessi gögn fyrir en í gær.

Okkur finnst að það þurfi að fara í miklu meira markaðsstarf til að kynna sjóðinn betur fyrir hinum almenna Lions félagi. Hjálparsjóðurinn þarf að vera tilbúinn með fjáraflanir þegar eitthvað gerist og bregðast fljótt við meðan atburðurinn er í huga fólks; á þeim tíma er auðveldara að safna peningum til aðstoðar.

Þetta gæti kallast viðbrögð við áföllum og myndi t.d. nýta félagi í Lions að fara til atvinnurekanda sinna og í fleiri fyrirtæki með til dæmis gíroseðill og reyna að fá þá til að styrkja málefnið, það þarf ekki margar beiðnir frá hverjum félagi til að ná til mjög margra fyrirtækja.

Til að tryggja stöðu sjóðsins væri mjög mikilvægt að hafa dag einu sinni á ári til markvissrar fjáröflunnar sem rekinn væri með auglýsingum í fjölmiðlum og nýta sér form fréttatilkynninga og bæjarblaða til kynningar á starfsemi sjóðsins ásamt Lionshreyfingunni í heild.

Innan hópsins komu fram aðrar tillögur, eins og að fara selja hinar ýmsu minjagrip, fara af stað með landshappadrætti og fleira, en við nánari skoðun þá var það okkar álit að værum við komin í samkeppni við Hreyfinguna og hina ýmsu Lionsklúbba landsins.

Við erum þó sannfærð um, að ef Lionshreyfingin ákveður að innleiða eitthvað af okkar tillögum, þá munum við ná að efla Íslenska Hjálparsjóðinn til muna, þannig að hann geti sinnt því hlutverki sem honum var ætlað í byrjun. Þ.e.a.s að geta veitt neyðaraðstoð og brugðist skjótt við vegna náttúruhamfara eða annara neyðartilfella sem upp koma. Lionshreyfingin nýtur virðingar og sátt landsmanna og er þekkt fyrir störf sín að mannúðarmálum innan lands sem utan og það er okkar trú að landsmenn og Lionsfélagar um land allt muni veita sjóðnum stuðning þegar við höfum náð að kynna sjóðinn betur en nú er, eins konar vitundarvakning um tilurð sjóðsins er allt sem til þarf, þegar forvinnunni er lokið.

*Lions Leiðtogaskólinn, 12. mars 2016*

*Hópur 3: Hólmsfríður Þorvaldsdóttir, Rut Helgadóttir, Guðmundur Gunnarsson, Ellert Eggertsson*

# Lionsklúbbur Hveragerðis

Margt hefur borið á góma hjá Lkl. Hveragerðis undanfarna mánuði. Tveir félagar klúbbsins sýndu ljósmyndir frá Noregsferðum sínum í vetur á fundi á Hoflandsetrinu og vöktu þær myndir mikla lukku. Þá var fundað í heitapottinum í sundlauginni að Laugarskarði og mæltist það vel fyrir. Menn fóru vel afslappaðir heim af þeim fundi. Þá kom Pjetur Hafstein Lárusson skáld og rithöfundur í heimsókn til okkar og sagði frá verkum sínum, sem og verkum Hveragerðisskaldanna svokölluðu. Sá fundur þótti sérlega athyglisverður og takast afar vel.

Lionsklúbbur Hveragerðis stóð síðan fyrir árlegum tónleikum sínum í Hveragerðiskirkju þann 16. mars. Fram komu; Barnakór Grunnskóla Hveragerðis undir stjórn Dagnýjar Höllu Björnsdóttur, Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson, Lay Low og Agnes Erla, Labbi og Bassi í Mánum, og Karlakór Kjalnesinga undir stjórn Örlygs Atla Guðmundssonar. Kynnir var Hjörtur Ben. Allir sem fram komu og stóðu að þessum tónleikum gáfu vinnu sína, og rennur allur ágóði til góðra verka í nærumhverfi klúbbsins.

Loks fórum Lkl. Hveragerðis og Lkl. Eden saman í keilu 23. mars og kepptu sín á milli. Keilað var í klukkustund á 4 brautum en hver klúbbur var með tvær brautir. Eðli málsins samkæmt verður einhver að sigra og einhver að tapa. Það er lögmál sem ekki er undanvikist. Takk fyrir sigurinn stelpur.

Vilmundur Kristjánsson



Pjetur Hafstein Lárusson, rithöfundur og skáld.



Hjörtur Ben í geroi Mikka Refs úr Dýrunum í Hálsakógi í uppfærslu Leikfélags Hveragerðis.



Svokallaðir HálfMánar - Dagný Halla Björnsdóttir, Bassi og Labbi úr Mánum.



Barnakór Grunnskólans í Hveragerði undir stjórn Dagnýjar Höllu Björnsdóttur.



Agnes Erla og Lay Low.



Raggi Bjarna og Lay Low.



Þorgeir Ástvaldsson, undirleikari Ragga.



Raggi Bjarna.



Karlakór Kjalnesinga undir stjórn Örlygs Atla Guðmundssonar



Karlakór Kjalnesinga söng úti er fólkid streymdi út úr kirkjunni.



# 61. þing Lionsumdæmis 109

**Lionsþingið** Í Mosfellsbæ verður haldið dagana 22. og 23. apríl næstkomandi. Undirbúningur hefur gengið vel en það eru Lkl. Mosfellsbæjar og Lkl. Úa Mosfellsbæ sem standa fyrir þinginu. Þinghaldið fer að mestu fram í Lágafellsskóla og Íþróttahúsinu við skólann, Lækjarhlíð 1. Mosfellsbæ.

**Gisting.** Þinghaldarar hafa samið við Hótel Laxnes hotellaxnes@hotellaxnes.is og Hótel Baron baron@fosshotel.is og eru þingfulltrúar beðnir um að snúa sér beint til hótellanna varðandi gistingu. Rútuferðir verða í boði milli gististaða og þingstaðar. Nauðsynlegt er að bóka ferðir um leið og skráningum er skilað.

**Skráningar** eru byrjaðar að berast en formenn allra klúbba fengu bréf frá þingnefndinni upp úr 20. janúar. Frestur til að skila skráningum er gefinn til 30. mars en við hvetjum klúbba eindregið til að skila skráningunum sem fyrst og léttu nefndinni þannig undirbúninginn. Undirbúningurinn hefur gengið nokkuð vel en þó eru enn margir klúbbar sem eiga eftir að skila skráningum og eru þeir hvattir til að vinna bragabót á því sem allra fyrst.

**Afhending** þinggagna fer fram í Lágafellsskóla og hefst fimmtudagskvöldið 21. apríl kl. 19:00 og opið verður til kl. 22:00. Aftur verður svo opnað á föstudaginn 22. apríl kl. 08:00.

**Skólarinn** hefjast kl. 09:00 föstudagsmorguninn 22. apríl. Formannaskólinn í Íþróttahúsinu en aðrir skólar í Lágafellsskóla. Ritara eru sérstaklega minntir á að taka með sér fartölvur.

**Skrúðgangan**, sem er orðin órjúfanlegur hluti af þinghaldinu verður seinni part föstudagsins og eru þátttakendur minntir á að taka með sér stóru klúbbfánana og stöng. Ekki er nauðsynlegt að hafa með sér fót því fánarnir verða eingöngu notaðir í skrudgöngunni.

**Setningarhátíðin** verður í Íþróttahúsinu strax á eftir skrudgöngunni og eru makar þingfulltrúa hvattir til að taka þátt bæði í skrudgöngunni og setningarhátíðinni.

**Kynningarkvöldið** verður haldið í Íþróttahúsinu (óstaðfest). Kjörrið tækifæri til að kynna Lionsfélögum frá öllum landshornum og ekki síður þeim erlendu gestum sem sækja þingið.

**Námsstefna** um félagamálefni (óstaðfest) er fyrsti liður á dagskrá laugardagsins og hefst kl. 08:45. Góður undirbúningur fyrir öflun nýrra félaga.

**Umdæmisþingin** verða strax að lokinni námsstefnunni. Meðal dagskrárliða eru skýrslur umdæmisstjóranna, kjör nýrra

embættismanna og ýmislegt fleira. Kjörrið tækifæri til að koma skilaboðum til nýrra embættismanna.

**Fjölumdæmisþingið** eftir hádegi á laugardeginum verður nokkuð hefðbundið með sínum skýrslum, uppgjöri starfsársins og kjöri embættismanna. Sérstaklega er Lionsfélögum bent á að nýta sér tækifærið til að tjá sig um málefni hreyfingarinnar.

**Lokahófið** á laugardagskvöldinu verður glæsilegt og óhætt að hvetja alla sem geta að mæta þar.

**Lionsþingin** eru okkar vettvangur til að koma skoðunum okkar á framfæri og kynna okkar hugmyndir um starf og málefni hreyfingarinnar. Það er á Lionsþingunum sem við Lionsfélagarnir getum haft veruleg áhrif. Því fleiri sem við erum á þingunum, því fleiri hugmyndir geta komið fram til að efla og bæta okkar góða starf. Látum okkur því ekki vanta.

Á vefsíðu þingsins [www.lionsmos.is/thing](http://www.lionsmos.is/thing) eru allar nauðsynlegar upplýsingar.

Með Lionskveðju.

*Kristinn Hannesson  
Þing- og Protocol stjóri*

## Aldarafmæli Lions – „Centennial Celebration“ Afmælishátíð starfsárin 2016-2017 og 2017-2018

Vinum aðallega að þessum fjórum aðal verkefnaflokkum Lions til að skerpa fókussinn – til þess að dreifa ekki kröftunum og athyglinni of mikið

 <p><b>Engaging our YOUTH</b> Serving 25 Million People</p>	<p><b>Verkefni fyrir börn og ungmenni</b> t.d. Lestraráttak, ungmennaskipti, friðarveggsþjald</p>	 <p><b>Sharing the VISION</b> Serving 25 Million People</p>	<p><b>Verkefni vegna augnsjúkdóma og blindu</b> t.d. stuðningur við blinda og sjónskerta, við Blindrafélagið eða augndeild LSH.</p>
 <p><b>Relieving the HUNGER</b> Serving 25 Million People</p>	<p><b>Verkefni vegna matarskorts</b> t.d. aðstoð við matarinnkaup og eldamennsku. Unnið að betri matarnýtingu og geng matarsóun.</p>	 <p><b>Protecting our ENVIRONMENT</b> Serving 25 Million People</p>	<p><b>Verkefni fyrir náttúru og umhverfið</b> t.d. trjáplöntun, landgræðsla, fjöruhreinsun og fleiri hreinsunarstörf, merkingar og endurvinnsla</p>

## Borist hafa eftirfarandi framboð í embætti sem kjósa skal um fyrir árið 2016 - 2017



### Framboð til embættis Alþjóðasamskiptastjóra starfsárin 2016 - 2018

**Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur Akureyri**

Árni V. Friðriksson er fæddur að Fjöllum í Kelduhverfi N-þing 20. nóvember 1949. Hann ólst upp á Kópaskeri og lauk landsprófi frá miðskólanum í Lundi Öxarfirði 1966. Fluttist þá til Akureyrar og lærði rafvirkjun og lauk sveinsprófi frá Iðnskólanum á Akureyri 1970. Starfaði sem rafvirki þar til hann hóf nám í undirbúningsdeild við Iðnskólann á Akureyri en flutti svo til Reykjavíkur og lauk námi í rafmagnsiðnfræði frá Tækniskóla Íslands í janúar 1975. Réðst hann þá til vinnu hjá Rafhönnun í Reykjavík en flutti um sumarið aftur til Akureyrar og veitti útibúi Rafhönnunar þar forstöðu.

1976 stofnaði hann ásamt fleirum verkfræðistofuna Raftákn ehf og hefur starfað þar síðan að frátöldum tveimur árum 1988 til 1990 sem hann starfaði hjá Klöckner & Moeller í Bonn í Þýskalandi. Starfar nú sem framkvæmdastjóri Raftákn.

Eiginkona Árna er Gerður Jónsdóttir og eiga þau þrjú uppkomin börn, Jón Heiðar 1967 og Önnu Kolbrúnu 1970, bæði búsett á Akureyri og Katrínu 1980, búsett í Berlín í Þýskalandi. Árni á sex barnabörn.

Árni gekk í Lkl. Hæng á Akureyri vorið 1976. Hann var formaður 1983-1984 og aftur 2004-2005, ritari 1987-1988, gjaldkeri 1993-1994 og aftur 1998-1999. Þá hefur hann starfað í flestum nefndum klúbbsins. Árið 2005 var hann gerður af Melvin Jones félagi og 2009 fékk hann "Leadership Award" viðurkenningu alþjóðaforseta.

1995-1996 starfaði hann í umdæmisstjórn 109B og var svæðisstjóri á svæði 6 starfsárið 1996-1997. Árni var umdæmisstjóri 109B starfsárið 2008-2009, fjölumdæmisstjóri 2011-2012 og alþjóðasamskiptastjóri 2013-2016.



### Framboð til embættis Fjölumdæmisstjóra starfsárið 2016 - 2017

**Árni Brynjólfur Hjaltason, Lkl. Njarðvíkur**

Árni Brynjólfur Hjaltason er fæddur 29. október 1964 á Ísafirði.

Hann er sonur Hjalta Más Hjaltasonar skipstjóra og Guðrúnar Guðmundsdóttur.

Árni Brynjólfur er húsasmíðameistari að mennt. Árni Brynjólfur hefur aðallega starfað við smíðar en einnig verið til sjós. Hann bjó og starfaði í Noregi frá 1996-1998 við smíðar. Árni Brynjólfur vann við smíðar hér heima frá 1998-2009, frá 2009 til loka árs 2011 starfaði hann í Nuuk á Grænlandi og Mandal í Noregi. 2012-2014 starfaði Árni Brynjólfur sem smíður hjá ÍAV.

Í dag starfar Árni Brynjólfur við þjónustu og öryggisstörf í Bláa Lóninu.

Árni Brynjólfur er giftur Hafdís Friðriksdóttur grunnskólakennara og eiga þau þrjú börn, Friðrik fæddur 1995, Guðrún Lára fædd 1998 og Ólafía Sigríður fædd 2006. Þau eru búsett í Ytri-Njarðvík í Reykjanesbæ.

Árni Brynjólfur Hjaltason hefur verið félagi í Lionsklúbbi Njarðvíkur frá árinu 2000. Hann hefur gegnt ýmsum störfum innan klúbbsins, meðal annars sem formaður, ritari og gjaldkeri, sem og í öðrum nefndum klúbbsins.

Árni Brynjólfur gegndi embætti svæðisstjóra á svæði 5 starfsárið 2007-2008.

Starfsárið 2008-2009 gegndi hann embætti umhverfisfulltrúa 109A.

Starfsárið 2013-2014 gegndi Árni Brynjólfur embætti umdæmisstjóra 109A og 2015 - 2016 hefur Árni verið vara fjölumdæmisstjóri.



## Framboð til embættis Umdæmisstjóra umdæmis 109 - B starfsárið 2016 - 2017

**Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán Ólafsvík**

**B**jörg Bára Halldórsdóttir er félagi í Lionsklúbbum Rán í Ólafsvík en hún gekk til liðs við Lionshreyfinguna 1991. Hún hefur verið virkur félagi alla tíð og gegnt flestum embættum innan klúbbsins, meðal annars verið formaður tvisvar. Hún var ritari B umdæmisins starfsárið 2010-11, menningarfulltrúi 2013-14 og annar varaumdæmisstjóri 2014-15. Árið 2011 fékk hún heiðursviðurkenningu alþjóðaforseta.

Björg Bára er gift Sigurjóni Bjarnasyni rafverktaka og eiga þau þrjú uppkomin börn. Saman reka þau hjónin rafverktakafyrirtækið SB raftækni sf. Björg Bára er viðskiptafræðingur og starfar við rekstur og bókhald hjá Gistiveri og Hótel Búðum. Hún hefur starfað við stjórnun og rekstur í gegnum tíðina lengst af sem

framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar í Ólafsvík frá 1998 til 2010.

Félagsmál hafa alltaf heillað og hefur Björg Bára verið virk í starfi Ungmennafélagsins Víkings Ólafsvík og Slysavarnadeildarinnar Sumargjafar um árabíl. Hún hefur setið í ýmsum stjórnnum og nefndum s.s. stjórn Sjúkratrygginga Íslands, Landsnefnd um lýðheilsu og stjórn Landssamtaka heilsugæslustöðva. Helstu áhugamál auk félagsstarfa eru babminton, ferðalög, útvist, fótbolti (LFC) og tónlist auk samveru með fjölskyldu og vinum.



## Framboð til embættis Fyrsta Varaumdæmisstjóra umdæmis 109 - B starfsárið 2016 - 2017

**Björn Guðmundsson, Lkl. Hæng Akureyri**

**B**jörn Guðmundsson er fæddur í Hafnarfirði 25.5. 1972. Hann ólst upp í Hveragerði og lauk stúdentsprófi frá Fjölbrotaskóla Suðurlands árið 1993. Árið 1994 innritaðist Björn í rekstrardeild Háskólans á Akureyri og lauk prófi sem rekstrarfræðingur vorið 1996.

Árið 2000 lauk Björn námi til löggildingar fasteigna, fyrirtækja og skipasölu. Haustið 2008 hóf Björn nám til Msc gráðu í viðskiptafræðum við Háskólann á Akureyri og lauk þeirri gráðu vorið 2010.

Björn hóf störf á Fasteignasölu Byggð á Akureyri vorið 1996 en þar starfar hann enn auk þess að vera hluthafi í rekstrinum og framkvæmdastjóri félagsins.

Eiginkona Björns er Sigríður Magnúsdóttir, kennari og eiga þau tvo syni.

Björn gekk í Lionsklúbbin Hæng vorið 2006. Hann var formaður klúbbsins 2011-2012 og ritari 2009-2010. Björn hefur starfað í flestum nefndum klúbbsins. Björn var svæðisstjóri á svæði 6 í umdæmi 109B starfsárið 2014-2015 og 2. varaumdæmisstjóri umdæmis 109B árið 2015-2016.



## Framboð til embættis Fyrsta Varaumdæmisstjóra umdæmis 109 - A starfsárið 2016 - 2017

**Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar**

**L**ionsklúbbur Hafnarfjarðar vill á 60 ára afmæli sínu, bjóða fram félagi okkar Ellert Eggertsson til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra umdæmis 109A starfsárið 2016 - 2017, á Lionsþinginu í Mosfellsbæ 22. - 23. apríl n.k.

Ellert gekk í L.kl.Hafnarfjarðar árið 1983, hann hefur gegnt flestum embættum í stjórn klúbbsins og hefur m.a. verið tvisvar formaður. Einnig hefur hann leitt flestar af nefndum klúbbsins. Ellert er Melvin Jones félagi og fyrir starfsárið 2014 - 2015 fékk hann Club President Excelance Award viðurkenningu fyrir störf sín sem formaður.

Ellert sem nú gegnir embætti svæðisstjóra á svæði 6, hefur sótt nokkur Alþjóðþing Lionshreyfingarinnar.

Ellert er fæddur í Hafnarfirði 1 ágúst 1946, menntaður flugvirki og hefur starfað sem flugvirki hjá Loftleiðum og Arnarflugi, tæknistjóri Íslandsflugs og nú Flugfélagsins Atlanta sem hann hefur gegn s.l. 10 ár.

Maki hans er Júlíana Guðmundsdóttir.



## Framboð til embættis Annars Varaumdæmisstjóra umdæmis 109 - A starfsárið 2016 - 2017

**Geirprúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa Njarðvík**

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Æsu Njarðvík tilkynni ég að við bjóðum fram Geirprúði Fanneyju Bogadóttur til embættis 2. varaumdæmisstjóra í umdæmi 109 A, starfsárið 2016-2017.

Geirprúður Fanney Bogadóttir hefur verið Lionsfélagi frá árinu 1990. Hún hefur gegnt ýmsum störfum innan klúbbsins, m.a. formaður og ritari.

Geirprúður gegndi embætti svæðisstjóra á svæði 5, starfsárið 2012-2013 og embætti umdæmisritara starfsárið 2013 - 2014.

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, formaður



## Framboð til embættis Fjöllumdæmisritara starfsárið 2016 - 2017

**Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn Reykjavík**

Guðmundur Helgi fæddist í Reykjavík þann 22. sept. 1947 og er húsasmíðameistari að mennt og hefur allan sinn starfsaldur starfað í byggingariðnaði á einn eða annan hátt, sem smiður, verkstjóri, byggingarstjóri, þjónustustjóri og nú sem stjórnandi hjá ÍAV þjónustu.

Guðmundur Helgi gekk til liðs við Lionsklúbbinn Fjörgyn vorið 2000 eftir að hafa þekkt vel til Lionshreyfingarinnar í 10 ár. Í klúbbnum sínum Fjörgyn hefur hann m.a. verið ritari 2002 - 2003, formaður klúbbsins tvisvar 2005 - 2006 og aftur 2008 - 2009.

Guðmundur hlaut Melvin Jones viðurkenningu frá klúbbnum árið 2007, þá hlaut hann Club President Excellence Award árið 2010. Guðmundur Helgi sótti Leiðtogaskóla Lions í Munaðarnesi 2002. Hann hefur sótt þrenn alþjóðþing og fjölmörg NSR þing, (Norraena samstarfsráð Lions).

Störf fyrir umdæmi og fjöllumdæmi: Guðmundur Helgi sat í byggingarnefnd fjöllumdæmisins á árunum 2001 - 2003 þar sem fjallað var um húsnaðismál hreyfingarinnar m.a. hvort selja ætti Lionsheimilið í Sóltúni eða ráðast í endurbætur. Á þessu starfsári hefur hann verið formaður nefndar um sama málefni. Hann var í í úthlutunarnefnd Rauðufjaðrarsjóðsins 2004 og þingnefnd fjöllumdæmisþings 2008. Guðmundur Helgi var fræðslustjóri frá 2009 - 2011 og kom að kennslu í ritaraskóla Lionshreyfingarinnar á árunum 2004 - 2009, 2011 og 2015.

Hann hefur starfað í umdæmisstjórnnum beggja umdæma, fyrst sem LCIF-og Medic Alert fulltrúi í umdæmisstjórn 109B 2006 - 2007, LCIF fulltrúi 2007 - 2008, fræðslufulltrúi 2008 - 2009. Lionsklúbburinn Fjörgyn hefur frá árinu 2009 tilheyrt umdæmi 109 A og var Guðmundur Helgi umdæmisritari/ gjaldkeri starfsárin 2009 - 2011, hann var umdæmisstjóri 109 A 2012 - 2013 og í vetur hefur hann gegnt embætti fjöllumdæmisstjóra. Eiginkona Guðmundar Helga er Hrund Hjaltadóttir f.v. grunnskólakennari. Hún er stofnfélagi í L.kl. Fold. Hún hefur tvívegis verið formaður í klúbbnum og gegnt ýmsum embættum í umdæmi 109 B og fjöllumdæmi MD 109. Hún er fyrrverandi umdæmis-og fjöllumdæmisstjóri.

Kæru Lionsfélagar Guðmundur Helgi býður enn á ný fram starfskrafta sína fyrir Lionshreyfinguna og gerir það með mestu ánægju.



## Framboð til embættis Fjöllumdæmisgjaldkera starfsárið 2016 - 2017

**Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar**

Guðmundur Oddgeirsson er fæddur 25. mars 1957 og gekk til liðs við Lionshreyfinguna, Lkl. Þorlákshafnar, árið 2001.

Hann hefur gegnt störfum, ritara, gjaldkera, og formanns þrisvar sinnum og setið í ýmsum nefndum klúbbsins.

Meðal starfa hans fyrir umdæmi 109A má nefna að hann hafði umsjón með alþjóðlegum ungmennabúðum Lions sem haldnar voru á svæði 4. Einnig var hann umdæmisstjóri í A umdæmi 2009 til 2010 og hefur verið fjöllumdæmisgjaldkeri síðan 2014.

Hann er einnig Melvin Jones félagi.

Guðmundur býr í Þorlákshöfn, eiginkona hans er Jóhanna Þórunn Harðardóttir.



## Framboð til embættis Umdæmisstjóra umdæmis 109 - A starfsárið 2016 - 2017

**Gunnar Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur**

Ágætu Lionsfélagar  
Við kynnum hér Gunnar Vilbergsson sem kemur frá Lionsklúbbi Grindavíkur. Hann er fæddur og uppalinn í Grindavík og er kvæntur Margréti Gísladóttur sem er ættuð frá Ólafsfirði. Þau hjónin eiga 3 syni, 12 barnabörn og 2 barnabarnabörn.

Gunnar hefur sinnt starfi varaumdæmisstjóra starfsárið 2015-2016 og hans hlutverk var að heimsækja svæði 3 og 8 en þar eru 10 klúbbar í dag. Hann býður sig fram í starf umdæmisstjóra og hefur fullt traust okkar klúbbs.

Það er mikill áfangi að vera kosinn til að sinna þessu embætti og Gunnar er að okkar mati mjög reiðubúinn í það.

Gunnar gekk í Lionsklúbb Grindavíkur árið 1998 og hefur gegnt m.a. starfi formanns, ritara og verið gjaldkeri. Hann er nú formaður líknamnefndar klúbbsins. Hann hefur verið svæðisstjóri á svæði 5 sem er á okkar svæði, verið sykursýkisfulltrúi í umdæmi 109 A í 3 ár. Hann hefur síðan gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir bæjarfélagið okkar m.a. verið í bæjarstjórn 1982-1986 og unnið mikið að æskulýðsmálum. Hann var lögreglumaður í 20 ár og var umboðsmaður Sjóvá frá 1982-2014 og þá lét hann af störfum. Nú einbeittir hann sér að félagsmálum og er það vel. Ágætu Lionsfélagar, við teljum að með framboði sínu sé Gunnar að leggja góðum málefnum lið og klúbburinn okkar er stoltur af hans framboði.



## Framboð til embættis Vara Fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2016 - 2017

**Jón Pálmason, Lkl. Víðarr Reykjavík**

Jón Pálmason Lkl. Víðarr býður sig fram til embættis vara fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2016 - 2017.

Jón hefur verið í klúbbum síðan 1. apríl 2002, var ritari 2004-2005 og hann gegndi formennsku í klúbbum 2011 - 2012 og hefur gegnt flestum öðrum embættum í klúbbum.

Auk þess hefur hann gegnt stöðu netstjóra Lions 2010-2014 og starfi svæðisstjóra á svæði 8 starfsárið 2013-2014 í umdæmi 109A. 2013 var Jón kjörinn annar vara umdæmisstjóri og 2014 fyrsti varaumdæmisstjóri. Starfsárið 2015 - 2016 hefur Jón gegnt embætti umdæmisstjóra

Jón hefur sótt sér réttindi til að kenna leiðtogum Lions, og kennt á Leiðtogaskóla Lions undanfarin þrjú skipti.

Jón er Progressive Melvin Jones félagi og hefur fengið "Leadership" orðu frá alþjóðaforseta.

Jón starfar hjá Verkfræðistofunni Verkís, sem verkefnastjóri. Hann er auk þess viðskiptastjóri fyrir Verkís í Grænlandi og er í stjórn dótturfyrirtækis þess þar S&M-Verkís.

Eiginkona Jóns er Marianne S. Nielsen og eiga þau 3 börn.



## Framboð til embættis Annars Varaumdæmisstjóra umdæmis 109 - A starfsárið 2016 - 2017

**Pálmi Hannesson, Lkl. Garður**

Á fundi sem haldinn var í Lionsklúbbum Garður miðvikudaginn 10. febrúar síðastliðinn var tekinn sú ákvörðun að félagi okkar, Pálmi Hannesson bjóði sig fram til embættis annars varaumdæmisstjóra í umdæmi 109A starfsárið 2016 - 2017.

Pálmi gekk í Lionsklúbbum Garður í janúar 1987, þar hefur hann gegnt öllum embættum, verið nokkru sinnum formaður, gjaldkeri og ritari. Hann hefur verið þrisvar sinnum svæðisstjóri á svæði 5 í A umdæminu, umdæmisstjóri starfsárið 2001 -2002, fjöllumdæmisstjóri 2002-2003. Þá var hann útbreiðslustjóri fjöllumdæmisins í nokkur ár. Árin 2007 - 2014 gegndi hann embætti ungmennaskiptastjóra fjöllumdæmisins.

Pálmi hefur hlotið allnokkrar viðurkenningar fyrir sín störf, 1998 - 99 og 2007 - 08 fékk hann „Certificate of Appreciation“, 2002 og 2015 „Leadership Award“ frá alþjóðaforseta, 2013 „TopTen Youth Camp an Exchange Chairpereson Award“. Þá hefur hann fengið nokkrar aðrar viðurkenningar t.d. fyrir fjölgun í klúbbum, sjónverndarátakið 2005 - 08. Í sínu starfi fyrir Lionshreyfinguna hefur Pálmi sótt allmörg þing bæði hér heima og erlendis, 4 alþjóðþing, nokkur Evrópuþing og norræn þing ( NSR þing). Hann sat fyrsta Leiðtogaskólann sem haldinn var í Munaðarnesi. Þá sótti hann námskeið á vegum Lions til Bournemouth á Englandi haustið 2006.

Pálmi er með meistararéttindi í bifvélavirkjun og starfar sem stöðvarstjóri fyrir Aðalskoðun í Reykjanesbæ. Pálmi á fjórar dætur og 9 barnabörn. Hann er í sambúð með Sigríði B. Sigurhansdóttir, hún á einn son og tvö barnabörn. Pálmi og Sigríður eru búsett í Ytri - Njarðvík.



## Framboð til embættis Annars Varaumdæmisstjóra umdæmis 109 - B starfsárið 2016 - 2017

### Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals

Lionsklúbbur Búðardals hefur samþykkt að bjóða félagi klúbbsins Sigfríði Andradóttur fram til að gegna Embætti 2. varaumdæmisstjóra umdæmis 109 – B starfsárið 2016 – 2017.

Sigfríð hefur verið félagi í klúbbnum síðan 1. júlí 2005 og gegnt þar embætti ritara, formanns og svæðisstjóra. Sigfríð starfaði áður fyrir Lionsklúbbinn Þernan á Hellissandi og gegndi þar flestum embættum.

Við teljum hana vel undirbúna fyrir þetta embætti enda hefur hún mikla reynslu af trúnaðarstörfum fyrir bæði Lkl. Búðardals og Lionshreyfinguna á Íslandi.

Upplýsingar um feril Sigfríðar Andradóttur í Lionshreyfingunni.

Lkl. Þernan

Sigfríð Andradóttir var stofnfélagi í Lionessklúbbnum Þernan og var einnig stofnfélagi þegar að hann breytti sér í Lionsklúbb 1994 og starfaði þar til ársins 2005. Á þeim tíma gegndi hún flestum þeim embættum sem til er að dreifa í Lionsklúbbi. Sigfríð var ein af 4 Lionsfélögum sem að stjórnðu unglíngabúðum árið sem Lkl. Þernan sá um þær ásamt 3 öðrum klúbbum í Snæfellsbæ.

Lkl. Búðardals

Sigfríð Andradóttir gerðist félagi í Lkl. Búðardal árið 2005 og hefur starfað þar fram til dagsins í dag. Sigfríð hefur verið ritari og formaður í klúbbnum ásamt því að vera svæðisstjóri fyrir hönd Lkl. Búðardals starfsárið 2006-2007. Árið 2012 gerði Lkl. Búðardals hana að Melvins Jones félagi.

Umdæmi 109 B

Hún hefur gegnt stöðu GLT fulltrúa í umdæmi 109 B frá árinu 2012. Árið 2013 – 2014 gegndi hún einnig stöðu umdæmisritara og gjaldkera í umdæmi 109 B. Hún hefur fengið 2 Certificate of Appreciation viðurkenningar aðra árið 2013 og hina árið 2014. Á síðasta ári var hún svo sæmd Leadership Award orðunni. Síðustu 4 ár hefur hún kennt í ritaraskólanum.

Fjölskylda.

Sigfríð er kvænt Porkeli Cýrussyni Lkl. Búðardals. Porkell var áður meðlimur í Lkl. Nesþinga. Hann hefur gegnt flestum þeim embættum sem er að dreifa í Lionsklúbbi og sem dæmi gegndi hann embætti umdæmisstjóra 2013-2014 í umdæmi 109 B. Hann er nú starfandi sem ritstjóri Lionsblaðsins. Þau eiga 2 börn, Guðríði félagsfræðing og Sigurð Svein kennaranema.



## Framboð til embættis GMT stjóra starfsárið 2016 - 2017

### Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi Eyjafirði

Stefán Árnason býður sig fram til embættis GMT stjóra fjölumdæmis 109 starfsárið 2016 -2017.

Stefán hefur mikla reynslu af trúnaðarstörfum fyrir Lkl. Vitaðsgjafa þar sem hann hefur verið félagi síðan 1993. Á þeim tíma hefur hann gegnt flestum þeim embættum sem til er að dreifa í Lionsklúbbi og meðal annars verið formaður klúbbsins tvisvar. Hann var svæðisstjóri á svæði 6 2009 – 2010 og GMT fulltrúi 2010 – 2011. Þá var hann annar varaumdæmisstjóri 2013 – 2014 og varaumdæmisstjóri 2014 - 2015. Stefán er nú umdæmisstjóri 109B.

Stefán lauk miðskólaprófi frá Gagnfræðaskóla Akureyrar og hefur lengst af síðan unnið ýmiss skrifstofustörf. Hann hefur frá árinu 1991 verið skrifstofustjóri hjá Eyjafjarðarsveit og setið í ýmsum nefndum og stjórnnum fyrir sveitarfélagið. Stefán lauk námi í opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá HÍ 2001. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið tengd starfi sínu hjá Eyjafjarðarsveit.

Stefán er kvæntur Vöku Jónsdóttur, iðnrekstrarfræðingi og eiga þau tvær uppkomnar dætur og 8 barnabörn.

## Nokkrar ljósmyndir úr lionsstarfinu

Þessi myndapáttur er frá þremur viðburðum í lionsstarfinu nú á síðustu misserum. Fyrstu myndirnar eru teknar þegar haldið var upp á fund númer 1000 hjá Lionsklúbbnum Ægi í Reykjavík. Á einni myndinni má sjá þegar Guðmundur fjölumdæmisstjóri er að taka inn nýja félag í kúbbinn sem eru frábærar fréttir. Í öðrum þætti eru svo myndir frá umdæmisfundum hreyfingarinnar 2. apríl sem voru mjög fróðlegir og skemmtilegar. Um kööldið var svo uppskeruhátíð sem var velsótt. Í þriðja þættinum eru svo myndir frá samfundi sem haldinn var á Akureyri í marsmánuði. Sá fundur var ákaflega góður og var mæting mjög góð.

*Porkell Cýrusson ritstjóri*



## Opið hús í Lionsheimilinu

Einar Þórðarson

PDG-109A, PDG-109B



Takk fyrir komuna á Opið hús í vetur- og takk fyrir góðar undirtektir í könnuninni sem við gerðum varðandi áhuga á Opnu húsi. Ég, Einar Þórðar, og Ingimundur Andrússon höfum staðið fyrir opnu húsi í hádeginu, annan föstudag í mánuði, byrjuðum í október og enduðum í mars, alls 6 skipti. Boðið er upp á kaffi, kleinur, súpu og brauð. Lionsfélagar komu alls staðar að af landinu og var mætinga-fjöldinn frá 15 og upp í 30. Sumir eru orðnir fastagestir sem er frábært. Í eitt skipti kláraðist súpan sem var bara gott mál. Þarna er alltaf glatt á hjalla, gamlir félagar hittast og rabba saman. Örfréttir voru, þar sem Lionsfélagar segja frá starfi síns klúbbs. Við spiluðum jóla-bingó og páska-bingó. Þá var kátt í salnum og mikil bingó-spenna lá í loftinu en allt fór vel að lokum.

Þetta er annað starfsárið sem opið hús er í Lionsheimilinu og skv. niðurstöðum kannana þá eru allir ánægðir með framtakið þó sumir þeir komist ekki og vilja að opið hús verði

áfram næsta vetur. Sumir búa úti á landi eða eru í vinnu á þessum tíma og komast ekki en styðja samt framtakið. Vonandi er opið hús komið til að vera. Minn draumur er að klúbbar bjóðist til að taka að sér eitt opið hús yfir veturinn undir umsjón okkar Ingimundar.

Svo má hugsa sér Opið hús á landsvísu, sem hluta af kynningu, þ.e. að klúbbar auglýsi í sinni heimabyggð opið hús fyrir alla og kynni starfi klúbbsins. Þetta gæti verið aldar-afmælisverkefni. Í gegnum þetta kynnast heimamenn Lionsstarfinu og gætu fengið áhuga á að ganga í klúbbinn.

Ég vil þakka Ingimundi Anrússyni fyrir samstarfið í vetur, Þorsteini Guðbjörnssyni fyrir kleinstuðninginn og öllum öðrum sem hafa komið að þessu með okkur, einnig þakka ég skrifstofudömunum okkar fyrir stuðninginn ofl. Enn og aftur, takk fyrir í vetur. Sjáumst næsta haust.

